

Ráðning til reynslu



Kristinn H. er í RTR starfi hjá Glitni

Við höfum núna yfir að ráða fimm störfum í Ráðningu til reynslu. Þessi störf eru hjá Glitni, Hagkaupum, félagsmálaráðuneytinu og tvö störf hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Þessi störf eru kjörin fyrir félaga sem hafa það markmið að fara út á vinnumarkað. Til að átta sig betur á störfunum stendur áhugasömum til boða að fara á vinnustaðina til að átta sig á aðstæðum og taka þátt í vinnunni.

Myndbirtingar í miðlum okkar

Við birtum reglulega myndir af félögum og starfsfólki í Litla-Hver, Gosinu, Geysir Chronicle, vefsíðu Klúbbsins og víðar. Ef félagi vill ekki að myndir séu birtar af honum í þessum miðlum þá er hann beðinn um að tilkynna óskir sínar varðandi myndbirtingar til viðkomandi ritstjórna

Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 08:30 - 16:00, nema föstudaga er lokað kl. 15:00.

Fram undan í janúar

Fimmtudagur 4. janúar
Ópið hús til kl. 20.00

Fimmtudagur 11. janúar
Skoðunarferð í IKEA. Lagt af stað frá Geysi kl. 16.15

Fimmtudagur 18. janúar
Skautuferð. Lagt af stað frá Geysi kl. 16.15

Fimmtudagur 25. janúar
Gönguferð. Lagt af stað frá Geysi kl. 16.15

Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og hefjast klukkan 09.00. Munið frían morgunmat frá 9.00 til 9.30
Allir að mæta

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félaga til að mæta á fundina.

Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félaga til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Allir að mæta!!!



Óskum félögum og velunnurum Geysis farsæls komandi árs með þökkum fyrir það liðna.



Jólaveisla 2006

Hin árlega jólaveisla var haldin 7. desember. Hamborgarhryggur var á borðum og kaffi og kökur í eftirrétt. Fjöldmenni mætti og gerði veitingunum góð skil. Ánægjulegt var að sjá hversu margir félagar buðu með sér ættingjum og vinum.



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Markmiðsáætlun

Ef við höfum ekki stefnu er erfitt að gera sér grein fyrir hvað skiptir máli og hvað ekki. Það er eins og allir vegir liggja út í tómið. Líf okkar getur ekki farið eins og við viljum nema við setjumst niður og mótum okkur áætlun um það hvað við viljum fá út úr því og hvernig við förum að því. Með því að setja okkur skýr og greinileg markmið náum við einbeitingu sem tryggir að við munum stöðugt halda áfram að ná framförum þó að leiðin geti reynst erfið og þó að við þurfum hugsanlega að yfirstíga margar hindranir á leið okkar að markmiðunum. Markmiðsáætlun er verkfæri sem þú getur notað til að taka ábyrgð á eigin lífi og minnt þig á alla þá jákvæðu hluti sem þú getur gert. Félagarnir Doreen Jones í Mosaic klúbbnum í London og Iris Lovnord í Fountain House í Stokk-hólmi hafa lagt mikla áherslu á gagnsemi markmiðsáætlana í bataferli. Við hvetjum félagana til að kynna sér gerð markmiðsáætlana og gagnsemi þeirra. Prentaðar upplýsingar eru aðgengilegar í skrifstofudeild. Festu þér tíma með starfsmanni til þess að vinna þína markmiðsáætlun.

Jólagos

Komið er út nýtt Gos. Hægt að er nálgað það á skrifstofu Geysis.

Nýr starfsmaður

Sigríður Gísladóttir sem er okkur að góðu kunn hefur verið ráðinn til starfa og byrjar strax í janúar.



Sígga Gísla

Þetta eru að sjálfsögðu mikil gleðitíðindi og verður til þess að efla starfsemi okkar enn frekar. Sjáum við meðal annars annars tækifæri til þess að stofna atvinnu- og menntunardeild sem ætluð er til þess að styðja við þá sem hafa nám og atvinnu sem markmið. Nýr starfsmaður gerir einnig kleift að fjölga störfum í ráðningu til reynslu.

Fréttir af Heilsurækt

Ákveðinn kjarni félaga og starfsmanna hefur undanfarið ár farið á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum í Hreyfingu í Faxafeni. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir að slást í hópinn.

Nemi

Dorthe Muller Thorleifsson byrjar sem nemi í Geysi í janúar. Dorthe er að læra Gestalt meðferð og hluti náms hennar fer fram í Geysi. Hún verður einu sinni í viku þrjár klukkustundir í senn. Dorthe tekur að sjálfsögðu þátt í hefðbundnu vinnu-miðuðum degi.

Fréttir af húsfundum í desember

6. desember: Rætt var um söfnun Sparisjóðsins. Skrifa á í blöð til að vekja athygli á söfnuninni. Einnig var tilkynnt að ný vefsíða Klúbbsins verður opnuð á næstu dögum. Senda á út jólakort til félaga og velunnara í næstu viku. Alls eru 92 búnir að skrá sig á jólamatinn. Fólkhvatt til að hjálpa til í eldhúsinu.

13. desember: Byggingarleyfi fyrir lyftu er komið. Enn er verið að bíða eftir sjálfri lyftunni. Byrjað verður að saga gólf í janúar. Stjórnarfundur verður 18. desember. Allir félagar hvattir til að mæta. Kynntar voru niðurstöður síðasta stefnumótunarfundar. Samþykkt var að loka reykherberginu frá og með lyftuframkvæmdum. Ræða á hvernig aðstaða á að vera fyrir reykingsfólk fyrir utan Klúbbinn. Ákveðin var félagsleg dagskrá fyrir janúar. Rætt var um fyrirkomulag á litlu jólum. Í boði verður hangikjöt ásamt köku í eftirrétt og mun kosta 700 kr. Ný heimasíða er komin í gagnid. Kenna þarf fjölögum hvernig á að bæta við efni á

síðuna. Nauðsynlegt að setja nýtt efni á síðuna a.m.k. tvisvar í viku.

20. desember: Ákveðið að Dorthe Muller Thorleifsson, nemi í Gestalt meðferð, mun taka hluta af sínu verknámi innan Geysis. Kristinn greindi frá stjórnarfundum. Einnig sagði Kristinn frá fundi í félagsmálaráðaneytinu um hugsanlegan þjónustusamning milli Geysis og ráðuneytisins

Styrkir

Klúbburinn hefur fengið rausnarlega styrki í desember. Minningar-sjóður Páls Gunnarssonar líffræðings veitti 500.000 króna styrk. Sparisjóðurinn og viðskiptavinir hans stóðu að söfnuninni „Þú gefur styrk“ og safnaðist 1.909.000 krónur. Fjölskylduráð Hafnarfjarðarbæjar veitti 70.000 króna styrk.



Sparisjóðurinn afhendir styrki til geðheilbrigðismála